



Upplýsingatækni 2 – UTN2B05

Námsáætlun, haustönn 2017

Kennari/kennarar:

Óttar Ólafsson

Netfang/netföng:

ottar@bhs.is

Lýsing:

Nemendur læra á nýleg tölvuforrit til að setja upp prentað efni í tölvum. Þeir læra á nútímamyndvinnsluforrit og öðlast færni til að búa til vefsíður. Með námi sínu eiga nemendur að öðlast þekkingu og skilning á framsetningu vefsíðna, kynningarefnis, skýrslna, glærusýninga og fleira. Farið er í mikilvægi samskipta við prentsmiðjur. Nemendur læra hvernig þeir geta sett fram eigið efni á neti skólans á sínum eigin vefsíðum. Brýnt er fyrir þeim mikilvægi gagnrýnnar heimildanotkunar þegar notað er efni af Internetinu.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- uppsetningarforriti fyrir prentað efni.
- fjölhæfu myndvinnsluforriti.
- einu eða fleiri vefsíðuforritum.
- mikilvægi samskipta við prentsmiðjur.
- mikilvægi tölvukunnáttu í nútímasamfélagi.
- mikilvægi gagnrýnnar heimildanotkunar þegar notað er efni af Internetinu.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota fullkomin tölvuforrit til að vinna bæklinga, auglýsingaplaköt o.fl.
- hanna vefsíður með ákveðin markmið í huga.
- vinna upplýsingar.
- lesa upplýsingar.
- setja fram kynningarefni á nútímalegan hátt.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna verkefni eftir fyrirætlum kennara og kennslubókar, gera auglýsingabæklinga, vinna með myndir í myndvinnsluforriti og búa efni til vinnslu í prentsmiðju. Metið með verkefnum sem skilað er rafrænt til kennara.
- búa til vefsíður í vefsíðuforriti og setja upp vefsíður fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem metið er með verkefnum sem skilað er rafrænt til kennara og sett eru á netið.
- taka þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda og undirbúa sjálfstætt efni, þ.e. setja upp glærur og flytja stuttan fyrirlestur fyrir samnemendur og kennara. Metið með sýningu verkefnis og þátttöku í umræðuhópum. Verkefnum skilað rafrænt til kennara.

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi sem gerir kröfur til þess að nemendur vinni jafnt og þétt yfir önnina og mæti í alla tíma. Vægi einstakra námsþátta er eftirfarandi: Ljósmyndavinnsla (Photoshop og Fireworks) – 20%, myndbandavinnsla (Premiere og/eða annað forrit) – 20%, vefsíðugerð (WordPress) – 30%, ástundun og mæting 30%. Lögð er áhersla á að nemendur standist mætingakröfur skólans (90% mæting) og allar fjarvistir umfram það lækka einkunn fyrir ástundun og mætingu. Til að standast áfangann þarf nemandi að ná a.m.k. 4,5 þegar búið er að vega saman einkunnir úr öllum námsþáttum.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Áfanginn byggir á hugmyndafræði verkefnamiðaðs leiðsagnarnáms þar sem áhersla er á sjálfstæða vinnu nemenda og reglulegri endurgjöf kennara með samtölum við nemendur.

Námsgögn:

Ekki er ákveðin kennslubók í áfanganum heldur er stuðst við myndbönd og leiðbeiningar á Internetinu.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
33	18. ágúst	Kynning á áfanganum.	
34	21.-25. ágúst	Ljósmyndavinnsla (Photoshop og Fireworks)	
35	28.ág.-1. sept.	Ljósmyndavinnsla.	
36	4.-8. sept.	Ljósmyndavinnsla.	
37	11.-15. sept.	Ljósmyndavinnsla.	Yfirferð og leiðsagnarmat.
38	18.-22. sept.	Myndbandavinnsla. (Premiere eða annað forrit)	
39	25.-29. sept.	Myndbandavinnsla.	
40	2.-6. okt.	Myndbandavinnsla.	
41	9.-13. okt.	Myndbandavinnsla.	
42	16.-19. okt.	Myndbandsvinnsla.	Hausthlé Yfirferð og leiðsagnarmat.
43	23.-27. okt.	Vefsíðugerð. (WordPress)	Val hefst
44	30.okt - 3. nóv.	Vefsíðugerð	Vali lýkur
45	6.-10. nóv.	Vefsíðugerð.	
46	13.-17. nóv.	Vefsíðugerð.	
47	20.-24. nóv.	Vefsíðugerð.	
48	27.nóv-1. des.	Vefsíðugerð.	
49	4.-8. des.	Vefsíðugerð	
50	11.-13. des.	Vefsíðugerð	Yfirferð og leiðsagnarmat.

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.